



Sameining

& Eflingar - stéttarfélags Verkalýðs- og sjómannafélagsins **Boðans**

Frá og með 1. janúar árið 2009 sameinast Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn Eflingu-stéttarfélagi. Sameinað félag ber nafnið Efling-stéttarfélag.

Frá þessum tíma fer starfsemi félagsins fram á tveimur skrifstofum.

Með sameiningu Boðans og Eflingar verða sjómenn í fyrsta sinn félagsmenn í Eflingu og er þessi nýi hópur boðinn velkominn í félagið.

Á skrifstofu félagsins í Reykjavík verður almenn afgreiðsla, símaþjónusta, lögfræðiaðstoð, aðstoð við túlkun samninga og almenn þjónusta við félagsmenn í kjara- og samningamálum. Af-

greiðsla sjóða félagsins, sjúkrasjóðs, fræðslusjóðs og orlofssjóðs fer fram á skrifstofunni. Einnig er staðsett á sama stað afgreiðsla Starfsafls, starfsmenntaskrifstofa stéttarfélaganna Eflingar, Hlífar í Hafnarfirði og VSK.

Önnur skrifstofa verður áfram í húsnæði félagsins í Hveragerði. Skrifstofa Eflingar í Hveragerði veitir alla þjónustu vegna samningssviðs Eflingar-stéttarfélags á Suðurlandi.

Afgreiðslutími á skrifstofum félagsins er kl. 08.15-16.00 alla virka daga.

Efling-stéttarfélag tekur við öllum réttindum og skyldum í sameiginlegu félagi frá 1. janúar 2009.

Skrifstofa í Reykjavík

Sætún 1
105 Reykjavík
Sími: 510 75 00
Fax: 510 75 01
Netfang: efling@efling.is

Skrifstofa á Suðurlandi

Austurmörk 2
810 Hveragerði
Sími: 483 45 25
Fax: 483 40 25
Netfang: bodinn@efling.is

Kennitala: 701298-2259



- stendur með þér